

III.

Starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa frest til 1. janúar 1997 til að fullnægja skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um innborgað hlutafé. Yfirtaki nýir aðilar starfsemi slíks fyrirtækis fyrir 1. október 1996 skal það þó hafa fullnægt framangreindum skilyrðum innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

11. mars 1996

Nr. 14

LÖG

**um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna
aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjálsan aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan EES.

2. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

19. febrúar 1996

Nr. 15

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 19. febrúar 1996.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.